Vinnuskjal fyrir vinnutímahópa vegna fyrirhugaðra breytinga á vinnutíma. Bent er á að skoða leiðbeiningarbækling fyrir innleiðingu betri vinnutíma í dagvinnu. Ekki þarf að skila þessu vinnuskjali inn. Sum atriði gætu átt mismikið við ólíka starfsemi. Stjörnumerkta reiti þarf þó að fylla út í eyðublaðinu „niðurstaða atkvæðagreiðslu um styttingu" sem skilað er inn.

## BETRI VINNUTÍMI - STARFSFÓLK Í DAGVINNU

| | |
|---|---|
| Starfsstaður* | Auðarskóli |
| Stjórnandi/ stjórnendur* | Haraldur Haraldsson |

## Vinnutímahópinn skipa (sjá um skipan vinnutímahópa í leiðbeiningarbæklingi):

| | |
|---|---|
| Nöfn og stéttarfélag | Bergþóra Hólm Jóhannsdóttir í KÍ og Katrín Lilja Ólafsdóttir í SDS og Haraldur Haraldsson skólastjóri. Kristján Sturluson sveitarstjóri og Magnína Kristjánsdóttir skrifstofustjóri |

## Skref 1: Kortlagning vinnutímahóps á starfsmannahóp og starfsemi

| | |
|---|---|
| Fjöldi starfsmanna: | 22 |
| Fjöldi starfsfólks í fullu starfi: | 13 |
| Fjöldi starfsfólks í hlutastarfi : | 9 |
| Fjöldi starfsfólks með sveigjanlega viðveru | |
| Fjöldi starfsfólks með bundna viðveru | 20 |
| Hvernig er útfærslu á neysluhléum í dag? | ☒Starfsfólk tekur 35 mínútur í matar- og kaffitíma yfir daginn (viðvera 8 klst.)<br>☐Starfsfólk tekur 30 mínútur í matar- og kaffitíma yfir daginn (viðvera 7 klst. 55 mín.)<br>☐Starfsfólk tekur 65 mínútur í matar- og kaffitíma yfir daginn (viðvera 8 klst. 30 mín.)<br>☐Starfsfólk tekur hvorki matar- né kaffitíma (við |

Greining vinnutímahóps á starfsemi fyrir fund með starfsfólki

| | |
|---|---|
| Almennt um starfsemi (opnunartími, þjónustan, álagspunktar (daglegir, vikulegir, mánaðalegir, árlegir)). | Aðeins misjafnt eftir deildum.<br><br>Í grunnskóladeild er mesta álagið í viðveru nemenda frá klukkan 8.00 – 14.20 einn dag, 8.00 – 15.10 þrjá daga og 8.00 – 12.30 einn dag og svo eru þrif eftir að þeir hafa yfirgefið skólahúsnæðið dag hvern. Í vetrar-, jóla- og páskafríum er venjan sú að starfsmenn fái frí.<br><br>Í mötuneyti er álagið jafn mikið alla daga nema föstudaga þegar grunnskólinn er starfandi, en nemendur yfirgefa húsakynni mötuneytisins klukkan 13.00 svo eftir það er álagið ekki mikið, en þá fer fram frágangur og þrif. Þegar grunnskólinn er í fríi er álagið nánast því ekkert, eldamennska fyrir leikskólabörnin og einhver extra þrif.<br><br>Í leikskóladeild er álagið frekar jafnt yfir daginn, reyndar eru töluvert færri börn í leikskólanum eftir að skólabílar fara með börn úr sveit og í hefðbundnum fríium grunnskólans eru alltaf aðeins færri börn. |
| Er hægt að útfæra styttingu með sama hætti fyrir alla starfshópa á starfsstaðnum (t.d. bundin og sveigjanleg viðvera)?* | ☐ Já<br>☒ Nei<br>Eða jú kannski, það þarf aðeins að útfæra það betur, út frá föstum yfirvinnutímum í lok dags og þeir sem eru í mjög litilli prósentu njóta kannski betur þessarar styttingar með lengri uppsöfnun en vikulega. |
| Hvaða útfærsla á styttingu telur vinnutímahópur að henti starfsemi? | ☐ Dagleg stytting<br>☒ Vikuleg stytting<br>☐ Hálfs mánaðarleg stytting<br>☐ Annað |
| Annað?, hvað: | |
| Hverjar eru helstu áskoranirnar út frá starfseminni? | Að finna þeim störfum tíma annarsstaðar í dagsskipulaginu svo hægt sé að hætta fyrr. |

## Skref 2. Samtal við starfsfólk á starfsstað – útfærsla á betri vinnutíma

| | |
|---|---|
| Hverjar eru væntingar starfsfólks til styttingarinnar? | Það er enginn sem vill fulla styttingu, eða 4 tíma á viku og langflestir á því að styttingin eigi að vera 13 eða 28 mín á dag, tekin einu sinni í viku. |
| | Gott er að vinnutímahópur reyni að átta sig á því í samtalinu hvort meirihluti starfsfólks vilji stytta vinnutímann eða hafa óbreytt fyrirkomulag (lágmarks stytting). |

## Skoðun umbóta í starfsemi (Hér skal rýna hvaða möguleika vinnutímahópurinn sér til betri nýtingu á vinnutíma svo unnt sé að stytta viðveru, sjá „umræðupunkta fyrir samtal á starfsstöðum“. Gott er að vinnutímahópurinn hafi náð að velta þessum þætti fyrir sér fyrir starfsmannafundinn).

| | |
|---|---|
| Skipulag vinnunnar, dreifing verkefna, verkferlar, forgagnsröðun verkefna* | Það þarf mjög litlu að breyta ef starfsfólk grunnskólans tekur út sína styttingu á þeim dögum þar sem börnin fara fyrr heim, einhverjar tilfæringar á þrifaplani þó til að það megi vera pláss fyrir styttinguna.<br>Hvað leikskólann varðar eru einhverjar litlar breytingar, en þó ekki það miklar að það sé ekki gerandi að taka út 13 mín styttingu 1 x í viku, þar sem skólabílabörn fara alltaf fyrr. |
| Vinnustaðamenning, sem m.a. felst í hefðum og venjum starfsfólks, t.d. skrepp, yfirvinnumenning, samskipti, betri nýting vinnutíma* | Töluvert er um skrepp á vinnutíma (í kaffitímum) En það mun alltaf verða áfram að einhverju leiti þar sem við búum við þess lags þjónustu stofnana og fyrirtækja.<br>Hvað yfirvinnu varðar eru alltaf einhverjir fastir yfirvinnutímar í leikskóla en á öðrum stöðum fylgir yfirvinna sumum verkefnum.<br>Samskipti starfsfólks og yfirmanna hafa verið góð, á mannlegum og sanngjörnum nótum. |
| Breytt fyrirkomulag afleysinga vegna hléa* | |
| Hæfni og framþróun* | |
| Stafræn þróun (aukin nýting tækni, einföldun á vinnulagi með hjálp tækninýjunga)* | |
| Annað* | |

| | |
|---|---|
| Hvernig sér starfsmannahópurinn fyrir sér að breyta fyrirkomulagi og forræði hléa til að ná fram styttingu á vinnuviku (t.d. út frá fjölda klst. í styttingu) | Flestir sjá fyrir sér að sleppa seinna kaffi sérstaklega ef ekki er hægt að taka út syttinguna 1 x í viku = 65 mín. En það er allan daginn þannig að leikskólinn á erfiðast með að sækja sér forræðislausar pásur, það er mun auðveldara fyrir skólaliða, stuðningsfulltrúa og starfsfólk í mötuneyti. |
| Annað? hvað: | |
| Hvernig sér starfshópurinn fyrir sér fyrirkomulag styttingar án þess að það leiði af sér kostnað og/eða skerðingu á þjónustu? | Með því að nýta tímann eftir að nemendur yfirgefa skólahúsnæðið, eða þegar skólabílabörn eru farin úr leikskólanum. |
| Hvaða útfærsla á styttingu myndi henta starfshópnum? | ☐ Dagleg stytting<br>☒ Vikuleg stytting<br>☐ Hálfs mánaðarleg stytting<br>☐ Annað |
| Ef annað, hvað? | |

| | |
|---|---|
| Hvaða mælikvarðar gætu nýst til að meta árangur verkefnisins?* | ☐ Þjónustukönnun<br>☐ Framleiðnimælikvarðar<br>☐ Annað |
| Ef annað, hvað? | |

## Skref 3: Tillaga vinnutímahóps að styttingu eftir samtal við starfshóp

**Hér þarf að koma fram tillaga sem felur í sér fjölda tíma í styttingu, fyrirkomulag hléa og útfærsla viðveru. Tillögurnar mega ekki bera með sér aukinn kostnað eða skerðingu á þjónustu.**
**Gera má 1 eða fleiri tillögur.**

| | |
|---|---|
| Tillaga 1: | 13 mín stytting tekin út einu sinni í viku, eða 65 mín. |
| Tillaga 2: | 13 + 15 mín stytting tekin út einu sinni í viku, eða 140 mín. |
| Tillaga 3: | 13 + 15 mín stytting daglega. |

## Skref 4: Í kjölfar samráðsfundar . Tillaga/tillögur til atkvæðagreiðslu

**Hér þarf að koma fram tillaga sem felur í sér fjölda tíma í styttingu, fyrirkomulag hléa og útfærsla viðveru. Tillögurnar mega ekki bera með sér aukinn kostnað eða skerðingu á þjónustu.**
**Gera má 1 eða fleiri tillögur.**

| | |
|---|---|
| Tillaga 1: | 13 mín stytting tekin út einu sinni í viku, eða 65 mín. En eingöngu til loka mars og með því skilyrði að hlutirnir verði endurskoðaðir í febrúar og breyttir með nýrri kosningu fyrir lok mars. |
| Tillaga 2: | |
| Tillaga 3: | |

Þegar atkvæðagreiðslu er lokið skal vinnutímahópur fylla út eyðublað "niðurstaða atkvæðagreiðslu um styttingu".